



## LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík  
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604  
netfang: lanamal@lanamal.is  
veffang: <http://www.lanamal.is>

**Fréttatilkynning**  
30. júní 2026

# Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

### **Þriðji ársfjórðungur 2026**

- Á þriðja ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf fyrir **30-50 ma.kr.** að söluvirði.
- Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir markflokkar ríkisbréfa og mun stærð þeirra og markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.
- Möguleiki er á skiptiútboðum eða uppkaupum á RIKB 26 1015 á fjórðungnum.

### **Útgáfa á árinu**

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2026 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 200 ma.kr. að söluvirði á árinu<sup>1</sup>. Útgáfa ríkisbréfa á fyrstu 6 mánuðum ársins nam ríflega 121 ma.kr. að söluvirði þannig að útgáfan á seinni helmingi ársins er áætluð 79 ma.kr.

### **Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa**

Útgáfa ríkisbréfa á þriðja ársfjórðungi er áætluð á bilinu **30-50 ma.kr.**

### **Skiptiútboð - uppkaup**

Til greina kemur að vera með skiptiútboð á RIKB 26 1015 þar sem eigendum bréfanna verður boðið að skipta yfir í aðra markflokka. Ávöxtunarkjör og aðstæður á markaði munu ráða því hvaða flokkar verða boðnir út í skiptiútboðunum og hversu mikið verður selt með þeim hætti. Jafnframt er möguleiki á beinum kaupum á RIKB 26 1015 á eftirmarkaði.

### **Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla**

Útgáfa ríkisvixla er mikilvægur liður í lausafjárstýringu ríkissjóðs. Tímalengd vixlanna getur numið frá 1 mánuði upp í 12 mánuði. Sveigjanleiki í vixlaútgáfu er mikilvægur og til greina gæti komið að bæta við útboðum umfram þau sem fram koma í útgáfudagatali Lánamála.

---

<sup>1</sup> Við útreikning á söluvirði er notað hreint verð (clean price) að viðbættum áföllnum verðbótum, þ.e. söluvirðið er metið án áfallinna vaxta.



## LÁNAMÁL RÍKISINS

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Lánamála ríkisins, netfang: [lanamal@lanamal.is](mailto:lanamal@lanamal.is).